

Vorviður

Stuðningur við skógrækt félaga og samtaka

Inngangur

Sem hluti af aðgerðaráætlun ríkisins í loftslagsmálum er Skógræktinni falið að efla tengsl við og styðja félagasamtök með sérstöku verkefni. Verkefni þetta er hluti aðgerðaráætlunar ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum og bættri landnýtingu í þágu loftslags.

Markmið og forsendur

Markmið verkefnisins er að efla samstarf Skógræktarinnar og ýmissa félaga um allt land, með það að markmiði að gefa félögum kost á að binda kolefni með eigin skógrækt. Félög sem nota land sem þegar er á skipulögðu skógræktarlandi munu njóta forgangs. Plönturnar skulu vera ræktaðar í ræktunarstöð, kostur ef hún er í heimahéraði. Ekki er um að ræða styrk vegna eigin plöntuframleiðslu.

Stuðningurinn felst í endurgreiðslu kostnaðar við plöntukaup eingöngu. Félög sækja um styrkinn til Skógræktarinnar sem annast umsýslu þessa verkefnis. Sækja þarf um fyrir hvert ár eins og vinnureglur kveða á um. Umsóknarfrestur fyrir verkefni árið 2021 er til 1. febrúar 2021. Nánari útfærslur, leiðbeiningar og einstakar forsendur úthlutana er að finna á upplýsingasíðu verkefnisins.

Nánari útfærsla og ÚTHLUTUNARREGLUR

Umsækjendur

Markhópurinn er félög eða félagasamtök.

Umsóknir

Félög sækja um styrkinn til Skógræktarinnar sem annast umsýslu þessa verkefnis. Umsóknarfrestur fyrir verkefni árið 2021 er til 1. febrúar 2021.

Rafræn umsóknareyðublöð eru á vef Skógræktarinnar, www.skogur.is/vorvidur. Í umsókn þarf að koma fram:

- Nafn (og kennitala ef við á) heimilisfang, símanúmer og netfang félags og forsvarsmanns/tengiliðar
- Ræktunarsvæði, staðsetning og landgerð (lýsing ásamt mynd eða korti)
- Skipulagsleg staða landsins og verndarákvæði ef einhver eru
- Leyfi landeiganda (afrit af samningi/samkomulagi)
- Áætlað umfang, landstærð, fjöldi plantna, plöntutegundir og kostnaðaráætlun

Forsendur styrkveitingar

Umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2021 og 15. febrúar mun verkefnisstjóri tilkynna umsækjendum um úthlutun vegna 2021.

Félag sem hlýtur styrk gerir samning við Skógræktina fyrir eitt ár í senn. Samningi fylgja leiðbeiningar um tegundaval og ræktun. Plöntur skulu vera af tilteknum tegundum skógartrjáa. Ekki er um að ræða skrauttré eða skrautrunna.

- Að umsækjandi hafi leyfi landeiganda fyrir framkvæmdinni og að hún stangist ekki á við verndarákvæði skv. landslögum eða skipulagsáætlun viðkomandi sveitarfélags.
- Landið sé friðað fyrir beit
- Styrkhæfar trjátegundir eru tegundir sem metnar eru hæfar til að binda kolefni úr andrúmsloftinu hérlendis:
 - ilmbjörk og hengibjörk
 - reyniviður, gráreynir, silfurreynir og alpareynir
 - rússalerki, evrópulerki og lerkiblandingurinn 'Hrymur'
 - stafafura, bergfura og lindifura
 - sitkagreni, rauðgreni, hvítgreni og blágreni
 - fjallapínur
 - gráelri, bláelri, svartelri, ryðelri og sitka-/græn-/kjarrelri
 - alaskaösp og blæösp
 - jörvavíðir, alaskavíðir, sitkavíðir, lensuvíðir og selja
- Gerður verður samningur við styrkþega um viðkomandi skógræktarverkefni. Samningur byggist á upplýsingum umsækjanda, einfaldri ræktunaráætlun og kostnaðaráætlun

Forgangur að styrkjum

Forgangsröðun mótast einkum af ræktunaröryggi, aðallega hvað varðar beitarfriðun og örugga getu félaga til að koma hlutum í verk.

Land

- Stærri lönd sem eru skipulögð til skógræktar og friðuð fyrir beit eða svæði innan slíkra heilda, t.d. svæði innan skógræktarsvæða sveitarfélaga eða annarra aðila
- Stærri einkalönd sem eru friðuð fyrir beit
- Minni svæði (minnst 1 ha) sem eru friðuð fyrir beit
- Svæði sem ekki eru friðuð fyrir beit koma ekki til greina
- Frístundalóðir koma ekki til greina

Félög

- Formleg félög sem ekki hafa aðgang að annarri fjármögnun til skógræktar, t.d. góðgerðarfélög og áhugamannasamtök
- Óformleg félög sem ekki hafa aðgang að annarri fjármögnun til skógræktar, t.d. vinnustaðafélög
- Félag sem hafa aðgang að annarri fjármögnun til skógræktar, t.d. skógræktarfélag

Forsendur afgreiðslu styrks

Greiðsla styrks fer fram í nóvember 2021.

- Greiðsla styrks fer fram í nóvembermánuði, að því gefnu að fyrir 1. október, hafi umsækjandi skilað framkvæmdaskýrslu á þar til gerðu eyðublaði og útlínum hins nýja skógar, hnitugu inn með sérstöku appi (nánari upplýsingar sendar tengiliðum).
- Afrit sundurliðaðra plöntureikninga.

Um verkefnisstjórn og hlutverk verkefnisstjóra

- Skógræktin skipar sérstakan verkefnisstjóra til að annast verkefnið. Hlutverk verkefnisstjóra er að taka við umsóknum, yfirfara þær, meta og úthluta styrkjum. Hann sér um að fræða styrkþega og veita þeim ráðgjöf, fylgist með framgangi verkefna, tekur við framkvæmdaskýrslum og afritum reikninga og gengur úr skugga um að verkið hafi farið fram og að reglum verkefnisins hafi verið fylgt.
- Tillögur verkefnisstjóra um úthlutun hvers árs eru samþykktar af Skógræktinni.